

✉ Re: Umsagnarbeiðni - Nýting á jarðhitavatni úr Vaðlaheiðargöngum

Búið til	23.11.2021 14:09:26
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	23.11.2021 14:09:26
Tilheyrir	 202111-0006 - Nýting á jarðhitavatni úr Vaðlaheiðargöngum

Efni

Re: Umsagnarbeiðni - Nýting á jarðhitavatni úr Vaðlaheiðargöngum

Upplýsingar

Sent	23.11.2021 14:09:26	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	mariag@os.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202111-0006 (LA).

Vísað er í bréf frá Orkustofnun dags. 1.11.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er varðar umsókn Norðurorku hf. um nýtingu jarðhitavats úr Vaðlaheiðargöngum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í umsókn Norðurorku hf. kemur fram að fyrirhugað er að koma fyrir yfirfallstanki við gangamunnann í landi Vegagerðarinnar og leggja veitulagnir samfara nýjum hjóla- og göngustíg sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun telur að sýna þurfi á teikningum fyrirhuguð mannvirki, umfang þeirra og staðsetningu. Þá þarf einnig að gera grein fyrir lagnaleið heitavatsins samhliða nýjum hjóla- og göngustíg sveitarfélagsins, ásamt samþykki eigenda að landi Veigastaða og Ytri Varðgjá um fyrirhugaða lagnaleið.

Upplýsingar koma ekki fram hvort breytingar hafa orðið á rennsli eða hitastigi heita vatnsins frá því að Vaðlaheiðargöngin voru kláruð í lok árs 2018 eða hvort orðið hafa breytingar í nálægum jarðhitasvæðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Guðmundsdóttir" <mariag@os.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC: "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <harpa@os.is>; "Helgi Jóhannesson" <helgi.johannesson@no.is>

Subject: Umsagnarbeiðni - Nýting á jarðhitavatni úr Vaðlaheiðargöngum

Date: 2.11.2021 16:07:33

Góðan dag

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni vegna umsóknar Norðurorku hf um nýtingarleyfi á jarðhitavatni úr Vaðlaheiðargöngum ásamt umsókn og fylgiskjölum.

Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 23. nóvember nk.

Frumrit bréfs verður sent með pósti.

Bestu kveðjur/Best regards

María



María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/

Specialist – Geothermal Utilisation

Orkustofnun/National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is/>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (11 KB)